

**Sp.**

## **148. Tillaga til þingsályktunar**

um aukna neyzlu mjólkur og mjólkurafurða.

Flm.: Þorsteinn Briem, Stefán Stefánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram athugun á því, hvernig best verði aukin neyzla mjólkur og mjólkurafurða í kaupstöðum og kaup-  
túnum landsins, svo sem með því

1. að vinna að meiri fræðslu um heilnæmi þessara fæðutegunda, m. a. með út-  
gáfu smárita eftir heilsufræðinga, með kennslu í skólum, fyrirlesturum og  
hvatningum í útvarpi og á annan hátt.
2. að gefa út leiðbeiningar um meðferð mjólkur frá fyrstu hendi og auka eftir-  
lit af hálfu eftirlitsmanna nautgriparéktarféлага og mjólkurbústjóra, eða um-  
boðsmanna þeirra, í því efni.
3. að vinna að meiri fullkomnun og fjölbreytni í mjólkuriðnaði, auka eftirlit  
með vöruvöndun mjólkurafurða og notfæra sér þá reynslu og kunnáttu, sem  
bestur er kostur á í því efni.
4. að athuga, hvort tiltækilegt sé að gera tilraun til að auka mjólkurneyzluna til  
hagsbóta framleiðendum með því að veita barnaheimilum stighækkandi af-  
slátt, eftir fastri reglu, á þeirri mjólk, er þau kaupa daglega í föstum viðskipt-  
um, fram yfir meðaltalsneyzlu þeirra að undanfögnu á hvern heimilismann.

Kostnað, er leiðir af athugun þessari og undirbúningi greindrar starfsemi,  
heimilast ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði.

### **Greinargerð.**

Tillaga þessi er fyrst og fremst flutt vegna vaxandi nauðsynjar landbúnaðar-  
ins á meiri markaði fyrir mjólk og mjólkurafurðir. Hefir sú nauðsyn aldrei verið  
brýnni en nú, þar sem hvortveggja er, að horfur eru á því, að markaður rýrni  
fyrir sauðfjárafurðir og að mörg héruð verði nú að snúa sér fremur en áður að  
mjólkurframleiðslu vegna sauðfjársýkinnar.

En jafnframt er tillagan flutt af almennum heilbrigðisástæðum, vegna þeirrar  
miklu og viðurkenndu heilsuverndar, sem aukin neyzla mjólkur og mjólkurafurða  
veitir.

Loks kemur og til álita sá gjaldeyrisparnaður, sem aukin neyzla þessara  
fæðutegunda hefir í för með sér, þar sem í mjólkinni eru flest eða öll þau fjörefni,  
sem keypt hafa verið frá útlöndum.

Eigi verður með vissu vitað um mjólkurneyzlu í landinu undanfarin ár. Til  
þess vantar skýrslur. En eftir því, sem næst verður komizt, hefir neyzlumjólkur-  
notkunin í Reykjavík og Hafnarfirði verið 6,2 milljónir lítra s.l. ár, samkvæmt  
skýrslu, er birtist í N.dbl. 42. tbl. 20. febr. 1938. Eftir því er þá neyzlumjólkur-  
notkunin í þessum tveim bæjum aðeins um 155 lítrar á mann á ári, eða um 0,4 lítra

á mann daglega. En þó mun neyzla ýmsra mjólkurafurða, svo sem osta, vera enn minni að tiltölu.

Til samanburðar má minna á, að 1936 var mjólkurneyzlan í Oslo 253,4 kílógr., þ. e. 245,5 lítrar, eða rúmum 90 lítrum meiri á mann yfir árið, og er þar þó ekki meðtalin sú mjólk, sem seld er brauðgerðarhúsum, eða til súkkulaði- og smjörlikisgerðar. Eru þar þó að fá mörg önnur innlend fæðuefni, sem geta bætt úr mjólkurskortu, fram yfir það, sem hér er. Þegar þessa er gætt, og svo hins, að barnafjöldi er þar minni að tiltölu, verður ljóst, að mjólkurneyzlan mætti hér varla vera minni en hún er nú á Akureyri, þ. e.  $\frac{1}{10}$  l. daglega á mann, eða 328,5 lítrar á mann yfir árið.

Væri mjólkurneyzla hin sama hér sem á Akureyri, mundu framleiðendur geta selt hér í Reykjavík og Hafnarfirði 13,14 millj. lítra, eða tvöfaldað mjólkursöluna, og 740 þús. lítrum betur.

En þó mjólkurneyzlan yrði ekki meiri en í Oslo 1936, þá mundi neyzlumjólkursalan geta vaxið um 3,62 millj. lítra frá því, sem nú er, og er ljóst, hversu miklu það skiptir framleiðendum, ef neyzlan gæti aukizt, þó eigi væri meira en sem þessu svaraði.

Vegna heilsuverndar þjóðarinnar þyrfti það að verða markið, að daglega neyzlan yrði hvergi minni en  $\frac{1}{40}$  lítra á mann, eins og á Akureyri. Er þess því brýn nauðsyn, að athugað sé rækilega hvernig mjólkurneyzlan verði aukin sem mest. Hingað til hefir aðallega verið bent á það ráð, að lækka mjólkurverðið. Slík almennt verðlækkun á þessari einu vöru er þó ekki framkvæmanleg, sízt á meðan kaupgjald hækkar og ræktun er jafndýr og jafnskammt á veg komin og nú er.

Það er og ekki sanngjarnt að ætlast til kauplækkunar hjá bændum, eða hjá þeirri stétt einni, er lægst mun bera timakaupið úr býtum.

Auk þess hefir reynslan sýnt, að mjólkurneyzlan hefir ekki aukizt að tiltölu við þá verðlækkun, er varð á neyzlumjólk í ársbyrjun 1935.

Það var því fyllilega réttmætt, eftir slíka reynslu og eftir jafnerfitt sumar og jafnmikil fóðurbætis kaup, að hækka verðlagið, þó fyrr hefði verið, þar sem neyzlan var þrátt fyrir lækkunina í því lægsta lágmarki sem hugsanlegt er.

Hitt er aftur athugunarvert, hvort ekki sé þó ástæða til að gera tilraun með að veita afslátt í verði, ef mjólkurkaup eru aukin. Ætti það að vera hvöt fyrir barnaheimilin, að auka mjólkurkaupin, ef þau fengu stighækkandi afslátt á þeirri mjólk, sem þau kaupa daglega í föstum viðskiptum, fram yfir það, sem þau hafa áður keypt á hvern heimilismann.

Þó mun hitt skipta enn meiru, að almenningi sé gert nægilega kunnugt, hvílk heilsuvernd er í mjólkinni, einkum fyrir börn og unglunga.

Að þessu er og unnið kappsamlega á öllum Norðurlöndum, nema hér. Er þar rekin stórkostleg fræðslustarfsemi fyrir báða aðiljana, framleiðendur og neytendur.

Norðmenn urðu þar síðastir til, en nú hafa þeir fyrir skemmstu hafizt handa og tekið Dani, Finnendinga og þó einkum Svía til fyrirmyndar um útbýtingu fræðslurita og hvatninga, fyrirlestrahald og sýningar fræðslukvikmynda í skólum o. s. frv. Árið 1931 þóttu forgöngumennirnir taka djúpt í árinna, er þeir töldu, að til þessa þyrfti að verja um 100 þús. króna. En 1936 var  $\frac{1}{4}$  millj. kr. varið til þessa starfs.

Árangurinn hefir og komið í ljós, því að árin 1935 og 1936 óx neyzlumjólkursalan, þrátt fyrir sama verð, um 30 milljónir lítra, eða um 20%. Árið 1936 óx mjólkurneyzlan í Oslo um 43 lítra á mann, en það svarar til 1,72 millj. lítra söluaukningu í Reykjavík og Hafnarfirði.

Stingur þetta allmjög í stúf við hérlenda hætti, þar sem ekkert er aðhafzt í þessa átt, nema „ostavikurnar“ og ef telja skyldi þær 634 kr., er mjólkursamsalan hefir greitt fyrir tilkynningar s.l. ár.

En þó þess sé vitanlega enginn kostur að fylgja í öllu dæmi Norðmanna um þessi efni, þá má, jafnvel án verulegs kostnaðar, margt gera í þessa átt. Að því

lýtur þingsályktunartillagan, að sem rækilegast sé athugað, hverjar aðgerðir séu hér tiltækilegastar og nái best tilganginum.

Þekkingin orkar mestu, svo um vöruvöndun, vörufjölbreytni og hollustu-hætti í mat og drykk sem annað. Því lúta 3 liðir tillögunnar að því, að útbreiða meiri þekkingu um þessi efni, bæði meðal neytenda og þeirra, sem vinna að framleiðslunni þegar frá fyrstu hendi.

Mörgum er enn í minni, hve mikilsvert starf rjómaþústrunnar unnu hér í upphafi aldarinnar, m. a. með þeim leiðbeiningum, er þær veittu heimilunum, enda urðu umskiptin þá stórkostleg.

Þessu starfi þarf að halda áfram og fullkomna. Og ætti slíkt leiðbeiningastarf og eftirlit að vera auðveldara nú, síðan gerlagróðursmælingar komu til sögunnar.

Þá brestur mjög á almenna fræðslu um, hvernig haga þarf fóðurframleiðslu, nýtingu og fódrun, til þess að mjólkinn verði sem fjörefnaríkust og best. En undir því og allri meðferð mjólkur og tilbúningi mjólkurafurða er neyzluaukningin mjög komin.

Vel færum mjólkurbústjóra hefir verið falið að gefa öðrum mjólkurbúum leiðbeiningar, og er það bót, þó að hann sé bundinn við aðalstarf. En hér mundi þörf á sérstökum mjólkurbúaráðunaut, er væri ekki aðeins fær um að leiðbeina um alla meðferð mjólkur og mjólkurvörugerð, heldur og um öll þau véla- og verkfræðiatríði, er til greina koma við fyrirkomulag mjólkurbúa og útbúnað þeirra. Til þess þarf að velja sérstakan hæfileikamann og veita honum styrk til hins fullkonnasta undirbúnings, en þá mundi hann jafnframt geta unnið nokkuð við atvinnudeild háskólans, svo sem full þörf er á.

Hver, sem vöru vill selja, verður jafnan að taka fullt tillit til óska kaupenda, og forðast alla árekstra svo sem kostur er. Varðar þar miklu, að svonefnd barna-mjólk sé ekki aðeins nægileg, heldur og svo góð vara sem unnt er.

Hér í ávaxtalausum landi skiptir miklu, að C-fjörefni mjólkurinnar haldist; einkum í þeirri mjólk, sem ætluð er börnum og sjúklingum. En þegar þess er gætt, að við venjulega meðferð eru C-fjörefnin að mestu horfin eftir 6 tíma, jafnvel úr kaldhreinsaðri mjólk, þá er ljóst, hve áriðandi er, að neytendur geti fengið barna-mjólkina áður en hún glatar þessum nýmjólkurkostum.

Þess virðist því full nauðsyn, að svonefnd „kaldhreinsuð mjólk“ sé nákvæmlega flokkuð eftir aldri mjólkurinnar, meðferð og gæðum. Athuga þarf og, hvort flokkun á annari mjólk sé nauðsynleg.

Samstaðar í Noregi og víðar eru vistlegir og ódýrir mjólkurhressingarskálur í sambandi við mjólkurbúðirnar. Á Akureyri er sérstakur mjólkurhressingarskáli á vegum mjólkursamlagsins, og þykir vel gefast. Hér mætti ef til vill ná sama marki með samkomulagi við veitingahús og kaffistofur. Eigi væri heldur frágangssök, þó að það skilyrði fylgdi veitingaleyfi, að leyfishafi hafi mjólk og skyr og aðrar sælgætisvörur úr mjólk jafnan á boðstólum og auglýsi þær sérstaklega.

Miklu skiptir, að unnið sé að meiri fjölbreytni í framleiðslu mjólkurafurða og hver nýbreytni og kostir hennar kynntir almenningi sem best má. T. d. mætti vinna að því með fræðslu og tilraunum, að fólki lærist að nota „heilsumjólk“ (Yogurth), sem vel er talin henta mönnum með vissa kvilla og Búlgarar kváðu þakka m. a. langlífi sitt.

Þá er mikilsvert, að neytendum sé jafnan í té látin svo góð fyrirgreiðsla um útvegum hvernar mjólkurvöru sem kostur er. T. d. mundi allmikill og vaxandi markaður fyrir áfir hér í Reykjavík, ef sú vara væri meira höfð á boðstólum. En meðan þessi vara fæst ekki, svo vitað sé, nema á einum stað í Rvík, og ganga verður út á enda bæjarins til að ná sér í hana, er salan eðlilega sem engin. Þegar þess er gætt hinsvegar, að a. m. k. annað búíð austanfjalls reiknar bændum heimsendar áfir til fóðurs á  $\frac{1}{2}$ —1 eyri litrann, skiptir það nokkru, að sem best séu notaðir markaðsmöguleikarnir fyrir jafnholla og góða vöru.

Þá þarf nánari athugun á verðlagssamræmi milli mjólkurvaranna innbyrðis.

T. d. virðist ekki samræmi í milli undanrennuverðs og nýmjólkur. Norðmenn eru lengra komnir en vér í að notfæra sér verðmæti undanrennunnar og hafa t. d. bæði kasein- og þurrmjólkurverksmiðjur, er vinna úr henni margra milljóna virði. Þó reikna þeir 3—4 lítra undanrennu á móti nýmjólkurlitranum í smásölu. En hér í Reykjavík eru rúmir 2 undanrennulítrar verðlagðir á móti 1 lítra af nýmjólk. Hér virðist mega auka mjólkurmatarneyzluna með því að færa verðið meir til samræmis.

Sama er um smjörverð og ostaverð. Smjörverðið er of lágt miðað við fitueiningar og verð á ostum. Hinsvegar er smjörmarkaðurinn nær ótakmarkaður vegna smjörlikislaganna, en ostamarkaður svo takmarkaður, að sæta hefir orðið ókjaramarkaði erlendis.

Hér þarf því athugun á, hvort eigi megi auka mjólkurvöruneysluna með því að lækka ostana, en vinna þá lækkun aftur upp á smjörverðinu. Meira samræmi í verðlagi smjörs og osta mundi og nokkuð bæta aðstöðu fjársýkishéraða til stofnunar rjómbúna. En þar verður víða ekki um fullkomin mjólkurbú að ræða í bráð, vegna ónógrar ræktunar og illra samgönguskilyrða.

Mega þau héruð sízt við, að þrengt sé kosti þeirra með ósamræmi í verðlagi þeirrar vöru, er þeim verður helzt fært að framleiða.

Nauðsyn er á, að framleiðsla einstakra mjólkurafurða, svo sem smjörs, skyr og osta, sé jafnan hagað eftir væntanlegri eftirspurn, svo að eigi verði í neinn tíma of mikil framleiðsla einnar tegundarinnar, en skortur á hinum.

Virðist þörf á meiri samvinnu mjólkurbúanna í þessu efni, og er nauðsynleg athugun á því, hvernig þeirri samvinnu verði hezt hagað, svo að fullt gagn sé að.

Öll þessi atriði og ýmis fleiri þurfa rækilegrar athugunar, og hafa ekki aðrir aðiljar betri aðstöðu til að láta þessa athugun fram fara en ríkisstjórnin. Svo mun mega haga athugun þessari, að kostnaður verði ekki tilfinnanlegur, en eigi þykir þó verða komizt hjá að heimila ríkisstjórninni að greiða úr rikissjóði nokkurt fé í þessu skyni.